




## Stjarnfræðilega röng ályktun



Um árabil hafa stjarnfræðingar gert ráð fyrir því að hægt væri að nota ljósmagnið sem vetrarbraut gefur frá sér til að finna út hve mikið efni hún inniheldur. Út frá því gætu þeir komist að því hve margar stjörnur eru í vetrarbrautinni. Nú hefur hópur stjarnfræðinga prófað þessa kenningu og komist að því að birfa vetrarbrauta er ekki endilega góð leið til að telja stjörnur í þeim.

Til að byrja með skoðuðu stjarnfræðingarnir margar vetrarbrautir og bjuggu til mjög nákvæmt þrívíddarlíkan sem sýndi hvernig stjörnur í þeim hreyfast. Síðan voru þessar upplýsingar settar inn í öfluga ofurtölvu til að finna út hve mikið stjornuefni var raunverulega í vetrarbrautunum. Með hjálp ofurtölvunnar uppgötvuðu stjarnfræðingarnir að margar af elstu vetrarbrautum alheimsins innihalda þrisvar sinnum meira af stjornuefni en birta þeirra gát sagt til um.

En hvers vegna skín þetta stjornuefni ekki skært? „Í vetrarbrautum geta verið fjölmargar litlar stjörnur“ segir stjarnfræðingurinn Michel Cappellari. Litlu stjörnur gefa ekki frá sér mikið ljós en gera grein fyrir miklu efni. Hann segir líka að hluti efnisins fari í myndun sólkerfa. (Á sama hátt urðu pláneturnar í sólkerfinu okkar úr sama gas- og rykskjú sem myndaði sólina.) Einnig gæti hluti efnisins líka falist í dánun stjörnum sem skína ekki lengur.

Michele er spenntur yfir nýju uppgötvuninni. „Hún sýnir hvað við eigum effir að uppgötva margt um þróun vetrarbrauta og alheimsins sjálfs í árdaga“ sagði hann.

## COOL FACT

Öflugasta ofurtölva heims er hraðari en 28.000 Sony PlayStation 3 leikjatölvur samanlagt!

